

38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bygging á Bessastöðum.

1860.
25. júní.

Eptir að þær samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. októbr. f. á. voruð búnir að láta þrisvar bjóða upp jörðina Bessastaði til byggingar í 2 ár, þá hafði þær, eptir því sem þær skýrið frá í bréfi 10. janúarm. í vetur er leið, lagt samþykki yðar 31. júlím. í fyrra sumar á hæsta boð, 56 ríkisd., er gjört var á síðasta uppboðsþinginu, og cand. phil. St. Thordersen átti; en hinsvegar hafði þær ekki tekið til greina tvö eptirboð, sem þeir komu fram með eptir að þriðja uppboðinu var lokið, yfirréttardómari Benedikt Sveinsson með 80 ríkisdala boð og yfirréttardómari Jón Pétursson með 70 ríkisdala boð, með því það og hafi verið nægilega kunngjört á undan síðasta uppboðinu, að engu eptirboði yrði gaumur gefinn.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin álitur, að þær hafði farið öldungis rétt að í máli þessu, og að hún því með öllu fellst á það, að þær hafði lagt samþykki á hið hæsta boð, er cand. phil. St. Thordersen bauð á hínu síðasta uppboðsþingi.

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi um það, hvort leggja skuli nokkra bæi í Leiðvallar hrepp til Kleifa hrepps.

5. júlí.

Dómsmálastjórnin hefir með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 16. desemberm. f. á., fengið ýmsar ítarlegri skýrslur, er beðið var um í bréfi 31. ágústm. 1858, út úr bænarskrá þeirri, er hingað kom frá ábúendunum á Efri- og Syðri Steinsmýri, Gamlabæ og Króki í Leiðvallar hrepp í Skaptafells sýslu, um að fá ábúðarjarðir sínar að skildar frá hreppsfélagi því, sem þær eru nú í, en fá þær aptur sameinaðar við Kleifa hrepp í sömu sýslu.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til birtingar þeim, er hlut eiga að máli,